

Viðreisn leggur fram eftirfarandi fyrirspurn, vegna samninga Hafnarfjarðarbæjar við einkarekin fyrirtæki sem sinna þjónustu við börn með fjölþættan vanda:

1. Hver ber ábyrgð á því að skjólstæðingar Hafnarfjarðarbæjar fái þjónustu við hæfi hjá þeim fyrirtækjum sem sinna börnum með fjölþættan vanda?
2. Hvers konar menntunarkröfur eru gerðar til starfsfólks þeirra fyrirtækja sem veita börnum með fjölþættan vanda viðeigandi meðferð og aðstoð?
3. Ber fyrirtækjunum að sína fram á og skila inn öryggisáætlunum?
 - a. Ef já, hver á vegum Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á því að yfirfara og veita eftirlit með því hvort slíkum öryggisáætlunum sé framfylgt af hálfu viðkomandi fyrirtækja?
4. Ber fyrirtækjunum að fara eftir kröfum um aðbúnað, öryggi og aðstæður skjólstæðinga sinna?
 - a. Ef já, hver á vegum Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á því að yfirfara og veita eftirlit með því hvort slíkum kröfum sé framfylgt af hálfu viðkomandi fyrirtækja?
5. Hvernig er eftirliti frá Hafnarfjarðarbæ háttað, hvað varðar þjónustu og aðstæður skjólstæðinga viðkomandi fyrirtækja?
6. Hver ber ábyrgð á eftirliti með fjármunum bæjarbúa sem er varið í kaup á þjónustu þessara fyrirtækja; að reglubundnu eftirliti sé sinnt og fylgst með því að fyrirtækin séu að veita þá þjónustu sem bærinn er raunverulega að kaupa af þeim?
7. Hvernig er því eftirliti háttað?
8. Að lokum: Í umræðunni síðustu mánuði hefur komið fram ólík sýn á ábyrgð vegna öryggisbrests í einstaka máli, en þar var um að ræða einstakling sem átti að vera í öryggisgæslu hjá fyrirtæki sem sinnir þjónustu við börn með fjölþættan vanda, en viðkomandi reyndist svo ekki vera í slíkri öryggisgæslu.
 - a. Var Hafnarfjarðarbær að greiða aukalega fyrir öryggisgæslu hjá viðkomandi fyrirtæki?
 - b. Hvar liggur ábyrgðin þegar öryggisferlum er ekki fylgt, eins og raunin var í þessu tilfalli. Er það viðkomandi fyrirtæki sem Hafnarfjörður kaupir þjónustuna af eða ber Hafnarfjarðarbær ábyrgðina?